

Nd.

485. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning slysa- og ellitrygginga.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um almenna slysa- og ellitryggingu, sem byggð sje á þessum grundvelli:

1. Komið skal á fót tryggingastofnun, er ríkið á og rekur á sinn kostnað. Leggi ríkissjóður stofnuninni ákveðna fjárhæð sem stofnfje.
2. Hver sá, sem lætur aðra vinna fyrir sig um lengri eða skemri tíma, skal skyldur að tryggja þá í tryggingarstofnun ríkisins fyrir slysum, sem kunna að verða við vinnuna eða eru óbeinar afleiðingar hennar, þeim að kostnaðarlausu. Þeim, sem stunda sjálfstæða atvinnu, skal gefinn kostur á að tryggja sig sjálfa í sömu stofnun.
3. Allir, sem náð hafa 15 ára aldri, skulu skyldir að kaupa sjer ellitryggingu í tryggingarstofnun ríkisins. Ríkissjóður, ásamt bæjar- og sveitarsjóðum, tekur þátt í iðgjaldagreiðslu, í hlutfalli við iðgjöld einstaklinga. Skal hver maður sextugur eða eldri eiga rjett á endurgreiðslu, eftir ákveðnum reglum, sem settar verða, svo og kona hans og börn, að honum látnum.
4. Endurgreiðsla úr tryggingarstofnun ríkisins miðist við iðgjöldin, og sjeu settar vafalausar reglur um rjett til endurgreiðslu.

Greinargerð.

Hvað eftir annað hefir á Alþingi verið rætt um tryggingarmálin og stjórninni falið að rannsaka þau. Nú sem stendur eru þau skamt á veg komiu. — Ellitrygging er engin, en aftur á móti lítillfjórlegur ellistyrkur, sem er svipaðastur fátækrastryrk. Heilsuleysistrygging er engin. Sjúkratrygging byggist eingöngu á frjálsum fjelagsskap, sem litill vöxtur er í og lítils styrks nýtur frá hinu opinbera.

Mæðra- og barnatrygging er engin. Slysatrygging er engin, nema fyrir sjómenn og þeir latnir greiða mikinn hluta iðgjaldsins sjálfir. Stjórnin hefir látið rannsaka eitthvað um þessi mál, en lítið hefir komið fyrir almenningssjónir af því og engin frumvörp verið lögð fyrir þingið um almennar alþýðutryggingar. Þingsályktunartillaga um frekari rannsóknir þessara mála, frá 2. þm. Rangæinga, liggur nú fyrir þinginu, en þingsályktunartillagan hjer að ofan kemur fram til þess, að þingið sýni ákveðinn vilja, ekki að eins um það, að rannsókn fari fram, heldur einnig að frumvarp verði lagt fram um þessi mál þegar fyrir næsta þing, og mörkuð ákveðin stefna um tryggingar þær, sem fyrst geti komist á, en það eru almennar slysa- og ellitryggingar.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa máls. Tryggingar þykja alstaðar erlendis óþjákvæmilegar fyrir allar menningarþjóðir. Elli og slys er eitthvert mesta þjóðfjelagsból, og besta ráðið við efnalegum afleiðingum þeirra eru tryggingarnar, að minsta kosti með núríkjandi þjóðskipulagi.

Það, sem felst í tillögunni, er fyrst og fremst, að þær tryggingar, sem þar eru nefndar, verði *almennar, lögboðnar alþýðutryggingar*. Slysatryggingin nái yfir alla þá, sem vinna í annara þjónustu, og auk þess sje sjálfstæðum atvinnurekendum gefinn kostur á að tryggja sig. Ellitryggingin nái yfir alla, sem eru 15 ára að aldri. Það hefir alstaðar sýnt sig, að tryggingar af frjálsum vilja, án laga-skyldu, ná aldrei nema litlum hluta þeirra, sem þyrfti að tryggja.

Til þess er ætlast, að það sje *rikisstofnun*, sem annast tryggingarnar.

Þá er til þess ætlast, að þetta sjeu fullkomnar *tryggingar*, en ekki styrkur, þ. e. a. s. endurgreiðslan miðist við iðgjöldin, og að þeir, sem trygðir eru, hafi lagalegan rjett til ákveðinna fjárhæða, því ef svo væri ekki, mundi þetta líkjast fátækrastyrk, sem annars ætti einmitt að hverfa, þegar tryggingarmálunum er komið í viðunanlegt horf.

Iðgjöldin greiðist slysatryggingarstofnuninni af *atvinnurekendum*, enda er það viðurkennt um allan heim, nema hjer, að þeir eigi að bera efnalega áhættu við slys verkafólks, eins og hverja aðra áhættu við atvinnureksturinn. Ellitryggingariðgjaldið er altur á móti gert ráð fyrir, að hver maður greiði sjálfur, en þó þykir hlýða, hjer eins og annarsstaðar, þar sem slíkar tryggingar eru, að hið opinbera beri einhvern hluta kostnaðarins.

Endurgreiðslur eigi sjer stað, er *slys* kemur fyrir eða *afleiðingar* þess, eða maður verður fullra 60 ára að aldri (ellitrygging). Jafnframt sje með ellitryggingunni einnig sjeð fyrir greiðslu til eftirlifandi konu og barna.

Ríkissjóður leggi fram í upphafi stofnfje og greiði rekstrarkostnað.

Sú einasta ástæða, sem hugsanleg er gegn því að hraða þessum málum, er sú, að ríkissjóði sje um megn að færast slíkt í fang, þar sem þetta verði einhver kostnaðarauki fyrir hann. En þetta er hinn mesti misskilningur. Fyrst og fremst er þjóðinni það ekki um megn nú að vernda sig sem best gegn afleiðingum slysa og elli, og svo verður það ódýrara þegar það er gert þannig fyrir alla, heldur en að hver bauki í sínu horni. En svo má búast við, að þessar tryggingar spari saman fje, sem annars yði að engu, og ljetti þar að auki töluvert á sveitar- og bæjarsjóðum, þar sem tryggingarnar koma oft í stað fátækrastyrks. Það er líka ólíkt ánægjulegra fyrirkomulag fyrir hvern einstakling heldur en það ómurlega ástand, sem nú ríkir.